

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Lindarfiskur ehf. kt.	31.08.18	Botnum, Meðallandi	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
590509-0350	15.02.2023	Já	Landeldi, seiði og fiskur

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		26 tonn voru framleidd árið 2017 og er áætlað að magnið verði álíka eða ívið meira fyrir 2018. Leyfilegt magn skv. starfsleyfi er 20 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Stækkunarferli upp í 300 tonn er í gangi. Umsókn hjá bæði MAST og UST, vinna við stækkunina er hafin á svæðinu.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Engar skráningar önnur en fódurnotkun og sláturmagn.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við. Þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðilum við eftirlit.
Grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X	X		Viðbragðsáætlanir vegna rekstrarstöðvunar hafa verið sendar eftirlitsaðila. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar vantar.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			X	Á ekki við
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Sjá viðbragðsáætlanir.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Klukkufóðrun, fyllt á einu sinni í viku.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?  Mælingar eða útreikningar?  Síðustu mælingar?		X		Engar niðurstöður hafa borist UST.  Engar mælingar hafa verið gerðar, né útreikningar.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Ekkert set, olía eða froða sást í frárennslis. Enginn fiskur var sjáanlegur eða ólykt.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oph.  Leið frárennslis frá keri að viðtaka.		X		Frárennslis liggur í skurði að viðtaka. Til stendur að loka frárennslis af og beina því inn í upb. 900 m langan skurð/settjörn. Á enda skurðarins verða net til hindrunar slysasleppinga og að villtur fiskur komist að eldisstöðinni.  Þessum framkvæmdum er hinsvegar ekki lokið og frárennslis rennur

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

				Óhreinsað út í viðtaka og ekkert sigti er til að hamla slysasleppingar í viðtaka.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).		X		Sjá ofar.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Engar mælingar hafa verið framkvæmdar.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Plast undan fóðri er endurunnið, dauðfiskur fer í svínafóður eða í meltu til áburðar.  Rekstaraðila var bent á að skrá dauðfisk, magn sem fer í fóður og magn meltu sem fer út.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Engar mælingar hafa verið gerðar.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		X		Þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðilum við eftirlit.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?  Er það skv. starfsleyfi?  Hver sér um mælingarnar?	X			2018.  Mæling á losun í frárennsli og viðtaka.  Rekstraraðili mun taka sýni og senda til Sýni ehf til mælingar.

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Engin frávik komu fram við eftirlit en gerðar voru tvær athugasemdir varðandi skráningar í rekstrarhandbók og að niðurstöður mælinga voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila.

**Samantekt:**

Ekki hefur verið brugðist við athugasemdum seinasta eftirlits varðandi skráningar og mælingar.  
Snyrtilegt er á svæðinu og umgengni almennt góð.  
Við eftirlit komu fram 5 frávik frá starfsleyfisskilyrðum og ein ábending var gerð:

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

	<p>Frávik frá gr. 1.1, stærð fiskeldis. Rekstraraðila var bent á að sækja um undanþágu til ráðuneytis á meðan umsókn um stækkun starfsleyfis er í afgreiðslu hjá eftirlitsstofnun.</p> <p>Frávik frá gr. 1.4, skráningum í rekstrardagbók er ábótavant og upplýsingar ekki aðgengilegar eftirlitsaðila. Einnig vantar viðbragðsáætlun við bráðamengun.</p> <p>Frávik frá gr. 2.1, gr. 2.6 og gr. 3.1, engin hreinsun er á frárennli áður en það nær viðtaka. Framkvæmdir til úrbóta eru í gangi og er rekstraraðila bent á að láta eftirlitsaðila vita þegar framkvæmdum er sannarlega lokið.</p> <p>Frávik frá gr. 2.6, engar mælingar hafa verið gerðar á vatnsgæðum frárennslis né viðtaka. Rekstraraðili áætla mælingar á árinu 2018.</p> <p>Frávik frá gr. 2.2 og gr. 2.5, eldisbúnaður. Eldisker eru djúpt grafin og auðvelt aðgengi dýra og vargs. Einnig var eldisvatnsyfirborð hátt þannig að það flæddi upp úr kerjum.</p> <p>Ábending var einnig gerð við losun blóðvökva í jarðveg við slátrun fisks.</p>
<b>Annað</b>	Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Lindarfiskur ehf. Sigtúni, Vík



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	31.8.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Lindarfiskur ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Sigtún 6	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	590509-0350	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Drífa Bjarnadóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki hefur verið brugðist við athugasemdum seinasta eftirlit er varðar skráningar og mælingar.

Fimm frávik frá starfsleyfis skilyrðum komu fram í eftirlitinu. Frá gr. 1.1 er varðar stærð fiskeldis, gr. 1.4 er varðar skráningar, gr. 2.1, 2.6 og 3.1 er varðar hreinsun á frárennslis, gr. 2.6 er varðar mælingar á vatnsgæðum frárennslis og viðtaka, gr. 2.2 og gr. 2.5 er varðar eldisbúnað.

Ein ábending var gerð er varðar blóðvökva við slátrun.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 1.1 í starfsleyfis skilyrðum	Starfsleyfi Lindarfisks er gefið út að hámarki 20 tonna framleiðslu. Framleiðslan er um 26 tonn á ári.
gr. 1.4 í starfsleyfis skilyrðum	Skráningum í rekstrardagbók er ábótavant og upplýsingar ekki aðgengilegar eftirlitsaðila. Einnig vantar viðbragðsáætlun við bráðamengun.
gr. 2.1, 2.6 og 3.1 í starfsleyfis skilyrðum	Engin hreinsun er á frárennslis áður en það nær viðtaka.
gr. 2.6 í starfsleyfis skilyrðum	Engar mælingar hafa verið gerðar á vatnsgæðum frárennslis né viðtaka.
gr. 2.2 og 2.5 í starfsleyfis skilyrðum	Engin net eða varnarbúnaður er til varnar fuglum eða öðrum vargi. Eldisker eru djúpt grafi og auðvelt aðgengi vargs. Að auki var eldisvatnsyfirborð of hátt.

## ÁBENDINGAR

Ein ábending var gerð er varðar losun blóðvökva í jarðveg við slátrun.

## ANNAÐ

Rekstraraðila var bent á að sækja um undanþágu varðandi stærð eldis á meðan umsókn um stækkun starfsleysis er í afgreiðslu hjá Umhverfisstofnun.

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

17.10.2018

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleysislögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

*Hulda S. Jónasdóttir*

Hulda Soffía Jónasdóttir